



Blanda sem virkar

Eftir Magnús Örn Guðmundsson

Þá er hagfelldu ári á verðbréfamörkuðum hérlendis lokið. Ávöxtun var prýðileg í skuldabréfum og mjög góð í hlutabréfum. Þannig hækkuðu skuldabréf um rúmlega 9% og innlend hlutabréf um meira en 49%, að teknu tilliti til arðgreiðslna¹⁾. Afar jákvætt er að almenningur er aftur orðinn virkur þátttakandi á mörkuðum enda hefur tekist vel til við að endurreisa markaðinn á þeim liðlega sjö árum frá því að gömlu bankarnir fóru á hliðina. Aukin þátttaka almennings hefur endurspeglast í hlutfjárútboðum undanfarin ár, en í dag eru 17 félög skráð á Aðallista Nasdaq á Íslandi. Flest félögin hækkuðu töluvert á síðasta ári og hafa mörg hækkað verulega á síðustu misserum. Nægir þar að nefna stærstu félögin, Icelandair, Össur og Marel.

Allra hagur

Almenningur nýtur góðs af góðum gangi á verðbréfamörkuðunum. Lífeyrissjóðir landsmanna eflast enn frekar en fram kom í viðtali Morgunblaðsins við Gunnar Baldvinsson, formann Landssamtaka lífeyrissjóða, nú fyrir skömmu að gera mætti ráð fyrir 5-6% raunávöxtun sjóðanna á nýliðnu ári²⁾. Eignirnar, að stærstum hluta skuldabréf, nema nú um 3.200 milljörðum sem er 155% af vergri landsframleiðslu. Árið 2014 var raunávöxtun lífeyrissjóðanna yfir 7%³⁾. En ekki má gleyma verðbréfa- og fjárfestingasjóðunum, sem almenningur getur fjárfest í, ýmist með beinum kaupum eða reglulegum sparnaði. Það er góð viðbót við lífeyrissparnaðinn. Fleiri og fleiri eru nú í þeirri stöðu að geta sparað. Með því að fjárfesta sparnað í verðbréfa- og fjárfestingasjóðum getur almenningur nýtt þau tækifæri sem gefast á endurreistum verðbréfamarkaði í stað þess að binda sparnað eingöngu í innlánnum.

Eytt í mánaðarlegan sparnað

Nokkur umræða skapaðist á síðasta ári um aðgengi almennings að fjárfestingakostum og misjafna stöðu fjárfesta í hlutfjárútboðum. Um þetta má eflaust deila lengi en hitt er óumdeilt, að allir fjárfestar hafa getað tekið þátt í þeim almennu hlutfjárútboðum sem fram hafa farið á síðustu árum. Þetta hafa verðbréfa- og fjárfestingasjóðir til að mynda gert, ekki síst sjóðir Stefnis hf., og þannig tekið þátt í því að endurreisa fjármálamarkaðinn af miklum krafti. Þúsundir Íslendinga hafa notið góðs af þessu. Með hækkanði kaupmætti gefst fólki kostur á að „eyða“ meira í sparnað og taka ríkari þátt í þessari uppbyggingu. Henni er hvergi nærri lokið, og að margra mati nýhafin. Það er erfitt að tímasetja markaði, margir segja að það sé ómögulegt. Skynsamlegt er því að fjárfesta með reglubundnum hætti í blönduðu safni verðbréfa yfir langt tímabil. Ein leiðin til þess er að fjárfesta í blönduðum sjóðum, en þeir geta fjárfest í skuldabréf-



Magnús Örn Guðmundsson

» Það er bjart yfir íslensku efnahagslífi og kaupmáttur hefur aukist verulega.

um og innlendum og erlendum hlutabréfum, auk sérhæfðra fjárfestinga líkt og lífeyrissjóðir geta gert.

Sjóðir með 20 ára og 30 ára sögu

Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 400 milljarða í stýringu. Þar af eru sex blandaðir fjárfestingasjóðir. Slíkir sjóðir eru nú reknir af nánast öllum sjóðastýringarfyrirtækjunum og hafa verið í mikilli sókn sem sparnaðarform. Flestir hlutdeildarskrifteinshafar eru í Stefni-Samvali, en sjóðurinn verður 20 ára á þessu ári. Í honum eru rúmlega 4.000 manns og fimmtungur þeirra

kýs að spara mánaðarlega með áskrift í sjóðnum. Á síðustu fimm árum hefur ávöxtun verið að meðaltali 18,2% á ári (sjá súlurit). Stefnir-Eignastýringarsjóður, elsti verðbréfasjóður landsins, er einnig í flokki blandaðra sjóða en hann verður 30 ára á árinu⁴⁾. Báðir sjóðir sluppu við stóráföll í bankahrununum, enda geta þeir farið inn og út úr hlutabréfum. Blandaðir sjóðir geta því verið afar góður kostur fyrir reglulegan langtímasparnað einstaklinga.

Það er bjart yfir íslensku efnahagslífi og kaupmáttur hefur aukist verulega. En gæta þarf hófs í eyðslunni, enda getur verðbólga auðveldlega farið á flug og vaxtaverkirnir hvolfst yfir okkur. Það er þess vegna ekki afleit hugmynd að „eyða“ meira í reglulegan sparnað.

¹⁾ Ríkisskuldabréfavísitala Stefnis og Úrvals-vísitala Nasdaq Iceland (OMXISGI).

²⁾ Morgunblaðið, 29. desember 2015.

³⁾ Landssamtök lífeyrissjóða: <http://lis/?p=7837>

⁴⁾ Einingabréf 1 var stofnaður 1986 af Kaupþingi.

Höfundur er sjóðstjóri blandaðra sjóða Stefnis hf.